




**FRAMTÍÐARSETUR**  
Íslands

# Búsetuþróun á Íslandi til ársins 2030

Þróun á tímamótum

Sviðsmyndir unnar í tengslum við gerð byggðaáætlunar 2017-2023



Höfundar: Karl Friðriksson, Sævar Kristinsson

Útgefandi: Framtíðarsetur Íslands: [www.framtidarsetur.is](http://www.framtidarsetur.is)

Prófarkalestur: Jökull Sævarsson

Hönnun og umbrot: Hjörleifur Jónsson

Ljósmyndir: Hjörleifur Jónsson

Útgefið september 2016

ISBN 978-9935-24-066-8

# Efnisyfirlit

Inngangur	4
Fylgt úr hlaði	5
Sviðsmyndir og drifkraftar	6
Nokkrir punktar um núverandi stöðu	7
Samfélag á krossgötum	10
Áhugaverðar tilvísanir og viðhorf	10
Helstu drifkraftar búsetuþróunar	12
Rétt er að taka fram...	14
Grunngerð sviðsmyndanna	15
Fjórar sviðsmyndir	17
Ísland ehf.	18
Holtasóley	20
Smiðjan	22
Síðasti bærinn í dalnum	24
Samanburður áhrifaþátta eftir sviðsmyndum	26
Næstu skref	28
Nýting sviðsmynda við gerð byggðaáætlunar	28
Viðauki I. Gagnasöfnun: Netkönnun og viðtöl	31
Viðauki II. Þátttakendur í verkefninu	32
Viðauki III. Stýrihópur verkefnisins	33
Stýrihópur verkefnisins	33
Um Framtíðarsetur Íslands	34
Um skýrsluhöfunda	34



# Inngangur

Við lifum nú tíma örra samfélagsbreytinga. Eðli grunnstoða tekur breytingum og hefðbundin þjónusta er innt af hendi á nýstárlegan hátt. Oft á tíðum má rekja breytingarnar til nýjunga á sviði tækni og breyttra viðhorfa. Þessi atriði ásamt öðrum hafa áhrif á þróun byggðar og hafa leitt til aukinnar þéttbýlismyndunar. Þó að sú þróun hafi orðið á löngum tíma meðal vestrænna samfélaga þá hefur hröðun hennar aldrei verið eins og nú og er Ísland þar engin undantekning.

Með lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015 sem sett voru á Alþingi þann 30. júní 2015 breytist verklag við gerð byggðaáætlunar. Með lögnum er verklag sóknaráætlana landshluta fest í form og tengt beint við byggðaáætlun. Þar með hafa sóknaráætlanir landshluta fengið lagastoð sem áður skorti. Byggðaáætlanir skulu nú ná til 7 ára í stað fjögurra áður og ná til landsins alls sem þýðir að byggðaáætlun skal einnig taka til höfuðborgarsvæðisins. Leggja skal sérstaka áherslu á samráð við ráðuneyti, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa eftir þörfum og stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál er lögfestur. Einnig er tekið fram að í sóknaráætlunum landshluta skuli mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðaáætlunar.

Sú sviðsmyndagreining sem hér fer á eftir er unnin í tengslum við gerð stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2017-2023 í þeim tilgangi að lýsa hugsanlegri búsetu- og þá byggðapróun fram til ársins 2030 og vekja upp spurningar um hvort og hvernig eigi að bregðast við í byggðaáætlun og annarri stefnumótun hins opinbera.

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar

# Fylgt úr hlaði

## Aðdragandi og fyrirkomulag

Byggðastofnun og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fólu Framtíðarsetri Íslands sumarið 2016 að vinna að verkefni þar sem dregnar væru upp ólíkar birtingarmyndir framtíðar er tengjast þróun byggðar á Íslandi. Markmið verkefnisins er að nýta niðurstöður þess við mótun byggðaáætlunar fyrir árin 2017 til 2023. Umrædd byggðaáætlun er frábrugðin fyrri áætlunum, meðal annars að því leyti að höfuðborgarsvæðið er nú í fyrsta skipti tekið með í áætlunina.

Í samráði við stýrihóp verkefnisins var sett fram verklag um gerð sviðmynda þar sem velt yrði upp lykilsurningunni; Hver verður búsetuþróunin á Íslandi til ársins 2030?

Í tengslum við verkefnið var gerð netkönnun meðal sveitarstjórnarmanna og annarra er tengjast búsetu- og byggðaþróun. Tekin voru viðtöl við lykilaðila á umræddu sviði. Í kjölfar þessa voru haldnar þrjár vinnustofur til að draga fram helstu drifkrafta búsetuþróunar og til að vinna sviðsmyndirnar.

Alls tóku 45 aðilar þátt í mótun verkefnisins með viðtölum og þátttöku í vinnufundum. Auk þess var send rafræn könnun sem 83 aðilar svöruðu. Í viðauka má sjá lista yfir þátttakendur ásamt frekari upplýsingum um nokkur af framangreindum atriðum.



# Sviðsmyndir og drifkraftar

Ein af forsendum sviðsmyndaáðferðarinnar er að framtíðin er óviss og ekki hægt að reikna sig fram með mikilli vissu að ákveðinni niðurstöðu um hana. Hins vegar er hægt að skoða hvaða þættir eða drifkraftar í umhverfinu skipta mestu máli fyrir okkur, hverjir þeirra eru háðir mestri óvissu og hvað gæti hugsanlega gerst ef þessir kraftar (hver fyrir sig eða fleiri saman) þróuðust í mismunandi áttir. Þannig leggja valdir drifkraftar grunninn að gerð sviðsmynda.

Markmið sviðsmynda er ekki að segja fyrir um framtíðina, heldur búa okkur betur undir það að lifa með óvissunni og skilja í hverju hún felst. Þannig getum við betur áttað okkur á því hvar ógnanir geta leynst og hvar möguleikar geta skotið upp kollinum. Þetta hjálpar okkur þannig að skilja betur hverjar eru hugsanlegar afleiðingar tiltekinnar ákvarðana, áður en til ákvarðanatöku kemur.

## Tengsl sviðsmynda og byggðaáætlunar

Gerð sviðsmynda við undirbúning byggðaáætlunar er nýjung hér á landi. Erlendis hefur hvers kyns framtíðarrýni, það er að segja skoðun á langtímaáhrifum mikilvægra drifkrafta, verið ein af megináðferðum við að meta hugsanlega þróun byggða. Niðurstöður slíkra verkefna eru síðan notaðar sem grunnur að stefnumótun atvinnugreina og byggða. Sviðsmyndagreining losar þátttakendur úr fjötrum hefðbundinnar hugsunar og skapar ný viðhorf og forsendur til að vinna með.


Oft er rætt um þrjú skilyrði sem þarf að uppfylla svo að vel takist til með framkvæmd sviðsmynda fyrir byggðaþróun:

- Aðilar þurfa að vera opnir fyrir umræðum um breytingar og framkvæmd þeirra. Þetta er mikilvægasta forsenda breytinga, nýsköpunar og frumkvöðlastarfs.
- Allir aðilar málsins þurfa að vinna saman að þeim áskorunum og lausnum sem dregnar eru fram. Enginn einn ræður yfir öllu sem þarf til að koma á vel heppnuðum byggðaþróunarverkefnum.
- Sköpun samstarfsvettvangs og klasasamstarfs. Nýjar hugmyndir og breytingar byrja með mannlegum samskiptum.

# Nokkrir punktar um núverandi stöðu

Athyglisvert er að skoða þróun búsetu frá árinu 2000 til ársins 2016. Íbúafjöldi landsins hefur á þessu tímabili aukist um 19% eða um 53.480 manns. Meginhluti þessarar aukningar er á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum eða 64%. Á Suðurlandi er aukningin 16%, 12% á Vesturlandi, 7% á Austurlandi og 5% á Norðurlandi eystra. Einu svæðin sem auka við sig mannfjölda hlutfallslega miðað við heildaraukningu eru höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin. Á Vestfjörðum er hlutfallslega mesta fækkunin miðað við aukinn íbúafjölda á landinu eða um 35% en næst á eftir kemur Norðurland vestra með um 30%.

## Mannfjöldapróun frá 2000 til 2016



Myndin sýnir fækkun/fjölgun íbúa eftir svæðum og hlutfall þess. Í svigum er sýnd fjölgun/fækkun að teknu tilliti til heildarfjölgunar landsmanna á tímabilinu.

Eins og í öðrum samanburðarlöndum sjáum við verulegar breytingar á búsetu í átt að auknum þéttleika byggðanna. Ýmsir vaxtarbroddar eru til staðar í hefðbundnum og nýjum greinum atvinnulífsins sem hafa haft veruleg áhrif á búsetu svo sem fiskeldi, nýir nytjastofnar o. fl. Þrátt fyrir að ferðapjónustan sé oft talin láglauna atvinnugrein, þá er það álit þeirra sem að þessu verkefni komu að sú þróun sem átt hefur sér stað á sviði ferðapjónustunnar hafi haft verulega jákvæð áhrif á byggðir landsins og afkomu þeirra, gert öflugar byggðir öflugri og jaðarbyggðir ákjósanlegri til langtíma búsetu.

Á árinu 2008 voru ferðamenn alls 502.000 en áætlaður fjöldi þeirra árið 2016 er 1,6 milljón. Áætlanir eru til, að þeir verði á bilinu 4,5-5,5 milljónir á árinu 2030 (skv. greiningu Arion banka, spá ISAVIA og KPMG greiningar). Slíkur vöxtur þarfnast vandaðrar langtímastefnu sem nær til ólíkra sviða svo að vel fari. Ef miðað er við línulega spá um mannaflspörf miðað við síðustu ár og áætlaða mannaflspörf ferðapjónustunnar þá verður íbúafjöldi landsins 450 þúsund manns árið 2030. Næsta mynd sýnir hlutfallslega skiptingu íbúa á einstök svæði miðað við framangreindar forsendur og sýnir nauðsyn þess að fjölgun ferðamanna verði enn frekar utan höfuðborgarsvæðisins.

## Íbúapróun eftir landsvæðum m.v. þróun sl. 16 ár og áætlun til ársins 2030 m.t.t fjölgunar ferðamanna.

	2000	2016	2030
Höfuðborgarsvæðið	171.792 62%	213.619 64%	297.775 66%
Suðurnes	16.106 6%	22.509 7%	34.845 8%
Vesturland	14.062 5%	15.766 5%	20.049 4%
Vestfirðir	8.219 3%	6.883 2%	6.800 2%
Norðurland vestra	7.970 3%	7.128 2%	7.448 2%
Norðurland eystra	28.082 10%	29.361 9%	35.116 8%
Austurland	9.568 3%	10.281 3%	12.594 3%
Suðurland	23.250 8%	26.982 8%	35.373 8%
Íbúar samtals	279.049	332.529	450.000

Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

### Samfélagsbreytingar

Íbúapróun innan einstakra svæða er mjög mismunandi og vert að hafa í huga þróun jaðarsvæða. Þó svo Austurland sýni til að mynda fjölgun íbúa um 7% milli árána 2000 og 2016, þá byggist sú aukning eingöngu á aukningu í Fjarðabyggð og á Fljótsdalshéraði. Á Norðurlandi vestra fjölgaði eingöngu íbúum í Skagabyggð, en fækkaði í öllum öðrum.

Á tímabilinu höfum við einnig séð verulegar samfélagsbreytingar sem engan óraði fyrir. Í þessu sambandi má nefna tilkomu samfélagsmiðla eins og Twitter, Facebook, Youtube, Instagram, Snapchat, Facetime, LinkedIn, Lyft og Whatsapp og tilkomu stórfyrirtækja og þjónustugátta eins og Uber, Airbnb, Tinder, Fitbit, Netflix, Spotify, Dropbox, Quora, Tumblr, Kickstarter, Hulu, Pinterest, BuzzFeed, Indigogo og Udacity. Fyrir tíu árum ræddu fáir um samfjármögnun (e. crowdfunding), deilihagkerfi, samfélagslega ábyrgð fyrirtækja eða samfélagslega nýsköpun.





## Tæknibreytingar

Einnig sjáum við verulegar breytingar á mannaflapörf einstakra atvinnugreina sem hingað til hafa verið mannfrekar en vegna tæknibreytinga fer þörf þeirra fyrir starfsmenn minnkandi. Til glöggvunar sýnir taflan hér að neðan þessa þróun, það er fækkun starfa í hefðbundnum störfum, landbúnaði, fiskveiðum og vinnslu.

Þessari þróun vex ásmegin frekar en hitt: „Við munum koma með nýjungar í fiskiðnaði sem munu minnka mannafla þörf í vinnslu um 40% á næstu árum.“ Tilvitnun í samtal við forstöðumann vélaframleiðenda fyrir matvælaíðnaðinn.

Þó svo breytingar hafi verið hraðar á umræddu tímabili er almennt talið að tækni- og samfélagslegar breytingar verði ekki síður miklar á næstu fimmtán árum.

### Fjöldi starfandi í landbúnaði og við fiskveiðar

	1991	2008	2015	%
Landbúnaður	7.700	3.700	3.500	
<i>Breyting frá 1991-2015</i>				-55%
Fiskveiðar	6.200	3.500	3.300	
<i>Breyting frá 1991-2015</i>				-47%
Fiskiðnaður	8.000	3.100		
<i>Breyting frá 1991-2008</i>				-61%

Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG



# Samfélag á krossgötum

Byggðapróun á ýmsum svæðum á Íslandi hefur verið með ólíkum hætti síðustu öldina. Þó okkur virðist oft eftir á sem þessi þróun hafi verið fyrirsjáanleg og sjálfsögð er það ekki endilega svo. Sléttuhreppur, nyrsta sveitarfélag á Vestfjörðum, er afar gott dæmi. Um 1940 voru þar fleiri en 400 íbúar, flestir í tveimur smáþorpum á Hesteyri og að Látrum í Aðalvík. Þrír skólar voru í hreppnum, og hreppsþúar höfðu lagt mikinn kraft í að byggja upp samgöngur innan svæðisins. Árið 1952 afréðu síðustu íbúarnir – færri en 50 – að yfirgefa hreppinn. Þeir sneru aldrei aftur.

Hvað gerðist? Ljóst má heita að landsyfirvöld höfðu ekki séð þessa þróun fyrir. Sléttuhreppur varð við þetta eina sveitarfélag landsins án íbúa, og var það í rúm 40 ár. Reglur um sameiningu sveitarfélaga urðu til í kjölfarið, og þeim var beitt í fyrsta skipti um áratug síðar. Þá var Grunnavíkurbreppur – næsti hreppur við Sléttuhrepp – sameinaður Snæfjallahreppi til að hindra að hann hlyti sömu örlög. Af skrifum og skeytum hreppsnefndarinnar til ríkis og annarra má þó ráða að þessi sviðsmynd var orðin til í hug nefndarmanna þegar líða tók á fimmta áratuginn. Ef hún hefði verið tekin alvarlega var vel mögulegt að gera ráðstafanir – að minnsta kosti til að koma í veg fyrir áratugalanga óvissu um stjórnskipulega stöðu svæðisins.

## Áhugaverðar tilvísanir og viðhorf

Áhugavert er að skoða einstakar tilvitnanir úr viðtölum og rafrænni skoðanakönnun sem framkvæmd var við undirbúning verkefnisins. Hér er ekki lagt mat á þau viðhorf sem fram komu en þau eru sett hér fram til umhugsunar.

„Við höfum vanmetið í gegnum tíðina að Ísland er í samkeppni við önnur lönd en einblínt á innbyrðis keppni milli svæða um mannauð og búsetu.“

„Staðbundin áhrif hafa minnkað verulega með tilkomu nýrrar tækni. En þéttbýlið mun alltaf draga til sín.“

„Aukin þróunarvinna í sjávarútvegi er nauðsynleg sem kallar á stærðarhagkvæmni. Fyrirtækin verða á færri stöðum og þau verða ekki nema 3 til 4 auk fyrirtækja sem stunda smábátaútgæð. Þetta er ekki það sem ég vil en ég skil atvinnugreinina.“

„Ferðapjónustan er vaxtarbroddur og hefur og mun breyta byggðum. Hefur nú þegar breytt útkjálkum í lífvænlega kjarna.“

„Það er fásinna að vera með 74 sveitarfélög. Það á að nýta stjórnsýslukostnað þessara svæða til að byggja upp þjónustu á sviði heilbrigðis- og menntamála og til að bæta innviði eins og vegi og netsamskipti. Það eiga vera hámark tíu sveitarfélög á landinu; Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland, Reykjanes og síðan einhverjar sameiningar á höfuðborgarsvæðinu.“



„Við vanmátum aðdráttarafli höfuðborgarinnar. Það að fólk veldi að fara í Kringluna, kaffihús og slíkt, frekar en að fara í berjamó. Á hvaða forsendum drögum við unga fólk út á land? Stóriðjan dugar ekki ein og sér!“

„Það er alltaf byrjað að reikna. En spyrjum okkur ekki; viljum við að viðkomandi svæði sé sameinað. Hvað segir hjartað og tilfinningin! Sameiningar snúast um tilfinningar.“

„Ég held að gullhrepparnir okkar munu aldrei samþykkja sameiningu. Það er ekkert sem breytir því. Þess vegna verður að setja reglur um lágmarksfjölda íbúa sveitarfélaga.“

„Þéttbýliskjarnar á Suðurlandi hafa sérstöðu. Ef atvinna brestur þá er hún sótt í aðra kjarna eða til Reykjavíkur.“

„Auðvitað er lítið atvinnuleysi á mörgum stöðum úti á landi. Ef þú missir atvinnuna þá bara ferðu, - þetta sést í þróun byggðanna.“

„En svo virðist sem kvótinn einn og sér sé ekki valdandi að hnignun byggða.“

„Fyrirtæki sem eru ekki tengd viðkomandi svæðum hafa verið að byggja upp fiskvinnslu sem er frábært en staðurinn er alltaf berskjaldaður fyrir ákvörðunum viðkomandi fyrirtækis.“

„Það hefur myndast gjá á milli landsbyggðar og höfuðborgarinnar og stundum þarf ekki landsbyggðarinnar við, orðræðan er þannig. Í útvarpsviðtali ræddi stjórnandi um erfiðleika fólks að fá húsnæði í miðbænum og að það þyrfti að sætta sig við að búa í úthverfi borgarinnar.“

„Byggðakjarnar eru góðir en þeir mega ekki drepa lífvænlegar byggðir á jaðrinum. Þeir þurfa að kunna að vera stóri bróðir.“

„Svo er það þannig að sumir staðir eiga ekki tilverurétt. Byggðust vegna forsenda sem eru ekki til staðar og eru ekki á hringvegi landsins. Þessir staðir hafa náð dauðamörkum sveitarfélaga. Ófært að veita atvinnu, samfélagsleg þjónusta lítil sem engin. Ungmenni og fjölskyldur félagslega einangraðar.“

„Árangur byggðaáætlunar byggist á að tengja saman stefnu og fjárveitingu. Í síðustu byggðaáætlun voru um 30 áherslupunktur en aðeins einn fjármagnaður og þar var horft framhjá höfuðborgarsvæðinu.“

„Ætlum við að hafa þetta áfram þannig að landsbyggðin sé skorin frá millilandafluginu – kemst ekkert án þess að gista í borginni. Millilandaflug til Akureyrar og Egilsstaða er ekki málið heldur að hafa tengiflug til þessara staða frá Keflavík.“

„Sóknarfæri eru í því að höfuðborgarsvæðið sé með og að við viljum styrkja búsetuskilyrði á landinu öllu. Það er einkenni krabbameins að vöxtur sé meiri á ákveðnum stöðum en eðlilegt getur talist.“

„Háskólinn á Akureyri er dæmi um gífurlega stóra byggðaaðgerð og uppbyggingu fræðasamfélagsins. Uppbygging fræðslusetra um allt land er jafnframt dæmi um uppbyggingu. Fjarnámið er sömuleiðis bylting.“

„Það vantar þor hjá stjórnámálumönnum að láta til sín taka á sviði byggðamála. Allskonar leiðir eru færar, bara spurning um vilja.“

„Hreinræktuðum sjávarþorpum hefur fækkað því krafan er um fjölbreytni. Konur drífa byggðapróun – þær fara og karlarnir koma á eftir.“

# Helstu drifkraftar búsetuþróunar

Eftirfarandi eru helstu straumar og drifkraftar sem talið er að muni hafa mikil áhrif á búsetu í landinu fram til ársins 2030 og mikil óvissa ríkir um. Hér eru kraftarnir ekki flokkaðir í forgangs röð.

## Innviðir

Með innviðum er átt við grunngerð samfélagsins í viðtækustu merkingu, s.s. samgöngur, fjarskipti, menntun og heilbrigðismál.

## Nýlendustefna

Merking nýlendustefnunnar hér gengur út á að búseta og byggðapróun taki mið af forsendum höfuðborgarsvæðisins á kostnað hinna dreifðu byggða.

## Umhverfismál

Áhersla á umhverfismál tengist umræðunni um sjálfbærni og áhrif framkvæmda og nýsköpunar á nýtingu auðlinda.

## Hugarfar/viðhorf íbúa til búsetu

Tengist viðhorfi samfélagsins til búsetu í landinu. Verður lögð áhersla á uppbyggingu dreifðra byggða ásamt mikilvægi höfuðborgarinnar eða munu íbúar frekar vilja búa í og efla fáa þéttbýliskjarna?

## Viðhorf stjórnvalda í byggðamálum

Fjallar um áherslur stjórnvalda við að fylgja eftir aðgerðum er tengjast byggða- og búsetuþróun til lengri tíma litið.

## Landbúnaðarstefna

Mun innlend landbúnaðarframleiðsla njóta verndar eða mun slík vernd fjara út?

## Heilbrigðismál

Verður lögð áhersla á staðbundna heilbrigðisþjónustu eða verður heilbrigðisþjónustan í auknum mæli miðstýrð frá höfuðborgarsvæðinu?

**Ferðapjónusta**

Mun ferðapjónusta vaxa enn frekar eða mun draga úr vextinum og áhrif hennar minnka?

**3ja stjórnarsýslustigið**

Mun samstarf fjölda sveitarfélaga leiða til myndunar þriðja stjórnarsýslustigsins hér á landi?

**Samkeppnishæfni**

Verður lögð áhersla á samkeppnishæfni Íslands og einstakra svæða eða verður þessum málaflokki ekki sinnt sem skyldi með þeim afleiðingum sem slíkt hefur?

**Innflytjendastefna**

Verður Ísland þekkt sem opið samfélag fyrir innflytjendur og þeim sinnt vel eða munu stjórnvöld setja hömlur á að útlendingar komi til búsetu hér á landi?

**Menntamál**

Verður sett aukið fé í uppbyggingu menntamála um allt land eða munu menntastofnanir sameinast og færast enn frekar til stærri þéttbýliskjarna?

**Tækniþróun**


Tækniþróun seinustu ára hefur verið ör. Munu enn frekari breytingar á þessu sviði hafa áhrif á byggða- og búsetuþróun í landinu?

**Grunnatvinnuvegir**

Þýðing atvinnugreina hefur breyst innbyrðis hin síðari ár. Hvaða áhrif munu frekari breytingar hafa á atvinnustig þjóðarinnar og verðmætasköpun?

**Áætlanagerð**

Nokkrar áætlanir eru gerðar sem hafa áhrif á þróun byggða og búsetu. Nefna má í því sambandi samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, áætlanir er tengjast mennta- og heilbrigðismálum og eins byggðaáætlun. Verða áætlanirnar samræmdar til frekar árangurs og fé látið fylgja áformum sem þar koma fram?

An aerial photograph of a lush green forest. A small stream flows through the trees, visible in the upper right and lower right corners. The trees are dense and vibrant green, with some sunlight filtering through the canopy.

Rétt er að taka fram að sviðsmyndirnar eru ekki framtíðarsýn, spá, stefna eða framreikningur.

Þær eru öflug aðferð til að skilja umhverfið og skapa sameiginlegan skilning á því hvað rétt sé að gera í dag til að undirbúa framtíðina.


Mælikvarði góðra sviðsmynda snýst ekki um það hversu vel eða nákvæmlega efnistösk þeirra rætast í framtíðinni, heldur hvort þær leiði til betri ákvarðana í dag.



# Grunngerð sviðsmyndanna

Í umræðunni um framangreinda drifkrafta kom í ljós að mest óvissa var um aðgerðir stjórnvalda á sviði byggða- og búsetuþróunar og innviðaruppbyggingar. Þetta var jafnframt talið vera lykilatriði í tengslum við þróun dreifbýlis og þéttbýlis, það er að segja hvort stjórnvöld fylgdu eftir stefnumótandi áætlunum með aðgerðum.

Rætt var um viðhorf almennings til búsetu, samfélaglegra þátta, umhverfismála og náttúru. Ákveðið var að nota orðið sjálfbærni sem regnhlífarorð í þessu sambandi. Áhersla á að nýting auðlinda verði varanleg, þar sem tekið verði tillit til þarfa komandi kynslóða og hugað væri að félagslegum og efnahagslegum áhrifum þess sem gert væri.

## Sterkustu drifkraftarnir







# Fjórar sviðsmyndir


um hugsanlega þróun búsetu til ársins 2030

Framangreindir drifkraftar móta þær sviðsmyndir sem hér eru settar fram. Myndirnar lýsa þeirri framtíðarþróun sem gæti hugsanlega átt sér stað varðandi búsetu og þróun byggðar til náinnar framtíðar. Hverri mynd er gefið lýsandi nafn í takt við umrædda þróun.



# Ísland ehf.

- Áherslur stjórnvalda um eflingu þéttbýliskjarna. Vaxandi einkavæðing.
- Sterk samfélagsleg vitund íbúa um umhverfismál og nýtingu auðlinda



## Umhverfið árið 2030

Byggðakjarnar eru færri en sterkari í kjölfar mikilla sameininga.

Þeir íbúar sem búa í dreifbýli byggja afkomu sína einkum á nýsköpun og smáíðnaði sem byggir á sjálfbærri nýtingu.

Samgöngur og margvísleg opinber þjónusta hefur verið einkavædd.

Vegakerfi og aðrir innviðir í molum á jaðarsvæðum en í lagi í þéttbýli.

Atvinnulíf er fjölbreytt og drifkraftur frumkvöðla knýr sjálfbæra nýsköpun.

Höfuðborgin er öflug og miðstöð opinberrar þjónustu. Mikil fækkun sveitarfélaga.

## Hvernig gerðist þetta?

### Tímabilið 2017-2020:

Ríkisstjórn mótar stefnu um breytta forgangsroðun fjármuna til fjarskipta og uppbyggingu á flutningsneti rafmagns með aðkomu einkaaðila.

Alþingi samþykkir stefnumótandi lög um samstarf opinberra- og einkaaðila (e. private public partnership – PPP) um framkvæmd opinberrar þjónustu.

Sala jarða til aðila utan EES gefin frjáls.

### Tímabilið 2021-2025:

Undir forystu Reykjavíkurborgar móta sveitarfélög sér stefnu um þjónustu einkaaðila. Mikil fjölgun einkarekinna grunn- og leikskóla í kjölfarið.

Lagningu byggðalínu synjað með vísan til umhverfissjónarmiða.

Tvenn jarðgöng og ein stofnleið tekin í notkun sem voru sett í einkaframkvæmd, bæði hvað varðar uppbyggingu og rekstur.

Lög um fækkun sveitarfélaga taka gildi. Miklar sameiningar sveitarfélaga.

### Tímabilið 2026-2030:


2 sjúkrahús á landinu, í Reykjavík og á Akureyri. Heilsugæslustöðvar í stærri byggðakjörnum víðast hvar einkareknar.

Sveitarfélög orðin 8 talsins.

3 flugvellir í notkun innanlands.

### Sviðsmyndin í hnotskurn:

Framfarir byggja á samstarfi ríkis og einkaaðila þar sem lögð er áhersla á sjálfbærni við lausn viðfangsefna.



Lýsing mikilvægra áhrifaþátta	
<b>Þróun dreifbýlis og þéttbýlis</b>	Samþjöppun byggða – færri og stærri kjarnar – Frumkvöðlum fjölgar víða. Einkarekin frumkvöðlasetur rekin víða um land.
<b>Heilbrigðis-, menntamál og önnur opinber þjónusta</b>	Samþjöppun opinberrar þjónustu. Aukin einkavæðing.
<b>Hlutverk og mikilvægi höfuðborgarinnar</b>	Miðstöð opinberrar stjórnsýslu. Margt af þjónustu borgarinnar í höndum einkaaðila.
<b>Sveitarfélög, stærð og fjöldi</b>	Fækkun frá árinu 2016 og fjöldi þeirra kominn í 8 á landsvísu.
<b>Samgönguþróun</b>	Hnignun samgöngukerfis. Áhersla á vegasamgöngur í þéttbýli en minni áhersla í dreifðum byggðum nema í einkaframkvæmd.
<b>Framboð og menntun starfsfólks</b>	Fleiri sækja menntun lengri veg. Framboð eykst í stækkandi byggðakjörnum með tilkomu einkaskóla.
<b>Fjölmening</b>	Hægir á brottflutningi íslenskra ríkisborgara. Fjöldi erlendra sérfræðinga ráðinn til landsins.
<b>Þróun atvinnugreina</b>	Aukin fjölbreytni. Aukið einkaframtak um allt land. Sterk krafta og viðleitni um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Ferðaþjónustan byggir á sértækum dýrum lausnum. Dregur úr fjölgun ferðamanna.
<b>Afkoma opinberra aðila</b>	Umfang í opinberum rekstri fer minnkandi en einkarekstur vaxandi. Hlutfall skatttekna sveitarfélaga hefur hækkað verulega.
<b>Orkumál</b>	Smávirkjanir víða. Byggðalínan annar ekki eftirspurn. Heimildum fyrir mannvirki til orkuflutninga yfirleitt synjað vegna umhverfissjónarmiða.

Til umhugsunar:

Hvaða aðrar afleiðingar gætu orðið í þessari sögu að þínu mati? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_


Hver gætu orðið hugsanleg áhrif sögunnar á starfsumhverfi þitt? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

# Holtasóley

- Sterk samfélagsleg vitund íbúa um umhverfismál og nýtingu auðlinda.
- Áherslur stjórnvalda snúast um eflingu innviða og byggðar um land allt.



## Umhverfið árið 2030

Öflugt mannlíf í dreifðum byggðum. Veruleg nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi sem byggir á góðum samgöngum, mannauði og tækni.

Sterk umhverfisvitund þar sem lögð er áhersla á verndun náttúrunnar.

Mikil áhersla stjórnvalda og íbúa að halda landinu öllu í byggð. Umfang opinberra aðila er mikið og stjórnslan er dreifð um allt land. Verkefni og opinberar stofnanir hafa verið fluttar frá höfuðborgarsvæðinu til dreifðra byggða. Mikil uppbygging heilbrigðisþjónustu og menntakerfis víðsvegar um landið. Ríki og sveitarfélög eru rekin með verulegum halla.

Sveitarfélög eru nánast jafnmörg og árið 2016. Þriðja stjórnslustigið hefur stuðlað að auknum völdum sveitarfélaga.

## Hvernig gerðist þetta?

### Tímabilið 2017-2020:

Ný samgönguáætlun tekur til mikillar endurnýjunar og uppbyggingar vegakerfisins og nýtingu flugvalla innanlands.

Átak í eflingu samkeppnishæfni og nýsköpunar um allt land byggir á svæðisbundinni sérstöðu.

Tímamótasamkomulag gert við helstu hagaðila um búsetustuðning á jaðarsvæðum.

### Tímabilið 2021-2025:

Markvissar skattabreytingar sem hvetja til aukinnar umhverfisvitundar og margskonar nýsköpunar innan allra atvinnugreina.

Tímamótasamkomulag milli sveitarfélaga og ríkisins um stóreflingu heilbrigðiskerfisins víðsvegar um landið með minni áherslu á miðlæga þjónustu Landspítalans.

Útflutningur þekkingar í matvælavinnslu nemur 10% af heildartekjum í íslenskum sjávarútvegi.

Samkomulag ríkis og höfuðborgar um uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni.

### Tímabilið 2026-2030:

Verulegur flutningur stofnana frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar.

Áætlunarflug allt árið í millilandaflugi frá bæði Akureyri og Egilsstöðum.

### Sviðsmyndin í hnotskurn:

Öflug opinber þjónusta um land allt. Innviðir góðir en opinberir aðilar skuldsettir.



Lýsing mikilvægra áhrifaþátta	
<b>Þróun dreifbýlis og þéttbýlis</b>	Dreifbýli öflugt – lítil „þorp“ – jafnari dreifing íbúa.
<b>Heilbrigðis-, menntamál og önnur opinber þjónusta</b>	Gott aðgengi um allt land. Veruleg þjóðfélagssumræða um kostnað við uppbyggingu þjónustunnar.
<b>Hlutverk og mikilvægi höfuðborgarinnar</b>	Dreifð opinber stjórnsýsla um landið. Jafnræði milli byggðakjarna og höfuðborgar sem hefur þó leiðandi hlutverki að gegna.
<b>Sveitarfélög, stærð og fjöldi</b>	Því sem næst óbreyttur fjöldi frá árinu 2016. Þriðja stjórnsýslustigið komið til framkvæmda.
<b>Samgönguþróun</b>	Öflugar vega- og flugsamgöngur um allt land. Fjöldi innanlandsflugvalla og fjölgun millilandaflugvalla. Tengiflug við lykilflugvelli.
<b>Framboð og menntun starfsfólks</b>	Fjölbreytt menntakerfi með sérhæfðar menntastofnanir um land allt.
<b>Fjölmennungur</b>	Fjölgun innflytjenda - fjölmennungur - nýir straumar. Mikil aukning nýbúa sem þurfa opinberan félagslegan stuðning.
<b>Þróun atvinnugreina</b>	Samfélög hafa sérstöðu, grunngreinar áfram til staðar, nýsköpun og aukin fjölbreytni. Handstýrð opinber búsetuþróun, bæði störf og innviðir, „Allt land í byggð“. Fjöldi ferðamanna í sögulegu hámarki.
<b>Afkoma opinberra aðila</b>	Dýr rekstur opinbers kerfis, hallarekstur ríkissjóðs og skuldasöfnun.
<b>Orkumál</b>	Nýnæmi í orkuvinnslu og orkugjöfum. Nægt rafmagn um land allt.

Til umhugsunar:

Hvaða aðrar afleiðingar gætu orðið í þessari sögu að þínu mati? \_\_\_\_\_

---



---



---

Hver gætu orðið hugsanleg áhrif sögunnar á starfsumhverfi þitt? \_\_\_\_\_

---




---



---

# Smiðjan

- Áherslur stjórnvalda snúast um eflingu innviða við og í helstu byggðakjörnum landsins.
- Notkun auðlinda er út frá hagrænum sjónarmiðum.



## Umhverfið árið 2030

Hálendisvegir skera landið þvert og endilangt. Auðvelt er að fara á milli staða hvort heldur á hálendisvegum og tengivegum við þá, í nýjum jarðgöngum eða í niðurgreiddu innanlandsflugi. Flugsamgöngur almennt góðar.

Ákveðnir þéttbýliskjarnar einkennast af öflugu atvinnulífi þar sem lögð er áhersla á arðsemi framkvæmda og notkun nálægra auðæfa.

Byggðalínur lagðar um land allt og sæstrengur til orkuflutninga kominn til Skotlands. Vaxandi áform um nýjar virkjanir til að koma til móts við aukna orkupörf. Umhverfisvitund íbúa fer dvínandi.

Atvinnustig er hátt. Mikil uppbygging í þéttbýliskjörnum, einkum á höfuðborgarsvæðinu þar sem nýsköpun í hugbúnaðargeiranum er mikil.

Miklar opinberar fjárfestingar en nýting þeirra er misjöfn.

## Hvernig gerðist þetta?

### Tímabilið 2017-2020:

Aukin tækni nýtt í heilbrigðisþjónustu. Fjarheilbrigðisþjónusta starfrækt í tengslum við uppbyggingu nýs hátæknisjúkrahúss í Reykjavík.

Stjórnvöld hefja skoðun á uppbyggingu hálendisvega.

Rammaáætlun um marga virkjanakosti samþykkt

Tekur á notkun náttúruauðlinda og nýjum leiðum við nýtingu náttúrunnar.

Stjórnvöld ganga frá samningi við erlendan fjárfestingasjóð um lán til að efla enn frekar innviði samfélagsins.

Lagasetning vegna fjölda sveitarfélaga.

### Tímabilið 2021-2025:

Ný lög um umhverfismat samþykkt með rýmri nýtingu náttúruauðlinda.

Áhersla á verk- og tæknigreinar.

Ívilnanir samþykktar til að laða að stóriðju.

Veruleg fækkun sveitarfélaga.

### Tímabilið 2026-2030:

Nýjar greinar stóriðju: Mannaflafrekur iðnaður sem krefst mikillar orku eða annarra auðlinda t.d. rýmis/vinds.


Samningar undirritaðir til undirbúnings olúvinnslu á Drekasvæði.

Nýr skattur lagður á til að nýta við uppbyggingu innviða.

Flugsamgöngur skilgreindar sem almenningssamgöngur.

### Sviðsmyndin í hnotskurn:

Einstaka byggðakjarnar mjög sterkir og tengjast með góðum samgöngum. Atvinnustig hátt og aukin fjölmennig.



Lýsing mikilvægra áhrifaþátta	
<b>Þróun dreifbýlis og þéttbýlis</b>	Þéttbýliskjarnar í nálægð náttúruauðlinda. Veruleg fækkun jaðarbyggða.
<b>Heilbrigðis-, menntamál og önnur opinber þjónusta</b>	Góð þjónusta í stærri þéttbýliskjörnum – ný tækifæri til að þjónusta íbúa í smærri byggðum.
<b>Hlutverk og mikilvægi höfuðborgarinnar</b>	Miðstöð hátækniþjónustu og stjórnsýslu.
<b>Sveitarfélög, stærð og fjöldi</b>	Færri sveitarfélög en árið 2016, orðin 35. Byggðakjarnar víða um land. Mörg sveitarfélög í fjárhags-vandræðum vegna offjárfestinga.
<b>Samgönguþróun</b>	Flug skilgreint sem almenningssamgöngur á viðráðanlegu verði – góðar nettengingar. 2+2 hálandisvegir milli helstu þéttbýliskjarna. Háhraðalest milli Reykjavíkur og Keflavíkur.
<b>Framboð og menntun starfsfólks</b>	Hækkandi menntastig – aukin sérhæfing. Áhersla á hugbúnað og tæknigreinar.
<b>Fjölmening</b>	Fjölmening vex með auknum hreyfanleika. Aukin eftirspurn eftir bæði menntuðu og ómenntuðu vinnuafli.
<b>Þróun atvinnugreina</b>	Þjónustuiðnaður eykst. Sérhæfni í gerð stríðstölvuleikja. Opinber aðkoma að búsetuþróun snýr að uppbyggingu innviða. Ferðaþjónustan öflug en skilar ekki mikilli arðsemi.
<b>Afkoma opinberra aðila</b>	Miklar opinberar fjárfestingar með misgóða nýtingu sem leiðir af sér talsverða skuldásöfnun.
<b>Orkumál</b>	Sæstrengur til orkuflutninga til Evrópu kominn. Olíuvinnsla á Drekasvæðinu í undirbúningi.

Til umhugsunar:

Hvaða aðrar afleiðingar gætu orðið í þessari sögu að þínu mati? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hver gætu orðið hugsanleg áhrif sögunnar á starfsumhverfi þitt? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

# Síðasti bærinn í dalnum

- Áherslur íbúa snúast um þéttbýlisþróun.
- Áherslur stjórnvalda snúast um eflingu fárra þéttbýliskjarna.

## Umhverfið árið 2030

Margar jaðarbyggðir hafa lagst af og einsleitni er víða í atvinnulífi dreifðra byggða.

Lítil opinber fjárfesting hefur verið í innviðum að undanskildum stærstu byggðakjörnum. Heilsugæslustöðvum hefur fækkað og tvö sjúkrahús eru rekin á landinu og annað þeirra er öflugt hátæknisjúkrahús í Reykjavík sem þjónar öllu landinu.

Minni áhersla stjórnvalda á uppbyggingu innviða, s.s. vegakerfis, hefur leitt af sér versnandi orðstír Íslands sem ferðaþjónustulands, þótt höfuðborgin þyki áhugaverður viðkomustaður. Innanlandsflug hefur að mestu verið lagt af.

Fólk flytur í vaxandi mæli til höfuðborgarsvæðisins. Þar ríkir mikil gróska í atvinnulífi með öflugri stjórnsýslu og kaffihúsamenningu. Reykjavík er miðstöð mennta og menningar í landinu. Í einstaka byggðalögum hafa sveitarfélög reynt að snúa við íbúafækkun með því að laða til sín mannaflsrek fyrirtæki.


Aðhald ríkir í opinberum fjármálum vegna lækkandi útsvarstekna sveitarfélaga víðs vegar um landið.

## Hvernig gerðist þetta?

### Tímabilið 2017-2020:

Stjórnvöld fara í aukna miðstýringu á sviði heilbrigðismála. Samkomulag næst milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu hátæknisjúkrahúss.

Stóriðjuhugsunin flyst í auknum mæli yfir á aðrar atvinnugreinar, t.d. ferðaþjónustu og fiskeldi. Erlent vinnuafli tekur stærsta kúfinn í starfsmannþörf þessara greina, gjarnan gegnum erlendar starfsmannaleigur.



### Tímabilið 2021-2025:

Framhaldsskólar sameinaðir og þeim fækkar í kjölfarið.

Háskóli Íslands tilkynnir verulegan samdrátt í námsframboði vegna fjárhagsörðugleika. Í kjölfarið eru háskólasetur á landsbyggðinni lögð af.

Stjórnvöld skera niður fjármagn til samgöngumála.

Ákveðnir byggðakjarnar leggjast af vegna fólksfæðar og kostnaðar við sameiginlegan rekstur. Nokkrar sameiningar sveitarfélaga en einhver þeirra hafna sameiningu vegna hagsmunagæslu.

### Tímabilið 2026-2030:

Minni háskólar á landsbyggðinni hætta starfssemi.


Íbúar höfuðborgarsvæðisins orðnir 75% af heildaríbúafjölda landsins.

Átak sett á stað á sviði ferðaþjónustu sem höfðar til betur borgandi erlenda gesta sem sækjast eftir munaði í mat og upphaldi ásamt kyrrð og einveru.

Erlend skýrsla um vegakerfið á Íslandi dregur upp neikvæða mynd af samgöngumálum landsins.

### Sviðsmyndin í hnotskurn:

Veruleg fólksfækkun á landsbyggðinni. Höfuðborgin nýtur stærðar og laðar að fólk og fyrirtæki.





Lýsing mikilvægra áhrifaþátta	
Þróun dreifbýlis og þéttbýlis	Sambjöppun í þéttbýli. Sveitir verða strjálbýlli – búseta leggst af á sumum svæðum, bú verða stærri og færri.
Heilbrigðis-, menntamál og önnur opinber þjónusta	Sambjöppun og skert þjónusta í dreifbýli. Tæknivædd, en ópersónuleg þjónusta.
Hlutverk og mikilvægi höfuðborgarinnar	Taka við þeim íbúum sem vilja flytja í þéttbýlið. Borgvæðing með öflugra stjórnsýslu og góða kaffihúsamenningu.
Sveitarfélög, stærð og fjöldi	Mikil fækkun byggðakjarna og margir leggjast af. Fólksflótti til höfuðborgarsvæðisins.
Samgönguþróun	Öflugar vegasamgöngur í þéttbýli. Innanlandsflug að mestu lagt af.
Framboð og menntun starfsfólks	Lítið framboð af menntuðu starfsfólki. Minni þörf á menntuðu starfsfólki nema á afmörkuðum sviðum.
Fjölmennning	Fjölmennning eykst. Eftirspurn eftir ómenntuðu starfsfólki.
Þróun atvinnugreina	Störf á landsbyggðinni byggja á frumvinnslu og ferðaþjónustu. „Stóriðju“ uppbygging í einstaka sveitarfélögum í viðleitni til að snúa við íbúafækkun. Orðstír Íslands sem ferðaþjónustulands fer versnandi.
Afkoma opinberra aðila	Opinber rekstur í járnum sökum lægri útsvarstekna, m.a. vegna launaþróunar og erlendra starfsmannaleiga.
Orkumál	Víða skortur á framboði á rafmagni, einkum þriggja fasa.

Til umhugsunar:

Hvaða aðrar afleiðingar gætu orðið í þessari sögu að þínu mati? \_\_\_\_\_

---



---



---

Hver gætu orðið hugsanleg áhrif sögunnar á starfsumhverfi þitt? \_\_\_\_\_

---



---



---

# Samanburður áhrifaþátta

Samanburður meginstrauma eftir sviðsmyndum	Ísland ehf.	Holtasóley
<b>Þróun dreifbýlis og þéttbýlis</b>	Samþjöppun byggða – færri og stærri kjarnar – Frumkvöðlum fjölgar víða Einkarekin frumkvöðlasetur rekin víða um land.	Dreifbýli öflugt – lítil „þorp“ – jafnari dreifing íbúa.
<b>Heilbrigðis-, menntamál og önnur opinber þjónusta</b>	Samþjöppun opinberrar þjónustu. Aukin einkavæðing.	Gott aðgengi um allt land. Veruleg þjóðfélagsumræða um kostnað við uppbyggingu þjónustunnar.
<b>Hlutverk og mikilvægi höfuðborgarinnar</b>	Miðstöð opinberrar stjórnsýslu. Margt af þjónustu borgarinnar í höndum einkaaðila.	Dreifð opinber stjórnsýsla um landið. Jafnræði milli byggðakjarna og höfuðborgar sem hefur þó leiðandi hlutverki að gegna.
<b>Sveitarfélög, stærð og fjöldi</b>	Fækkun frá árinu 2016 og fjöldi þeirra kominn í 8 á landsvísu.	Því sem næst óbreyttur fjöldi frá árinu 2016. Þriðja stjórnsýslustigið komið til framkvæmda.
<b>Samgönguþróun</b>	Hnignun samgöngukerfis. Áhersla á vegasamgöngur í þéttbýli en minni áhersla í dreifðum byggðum nema í einkaframkvæmd.	Öflugar vega- og flugsamgöngur um allt land. Fjöldi innanlandsflugvalla og fjölgun millilandaflugvalla. Tengiflug við lykilflugvelli.
<b>Framboð og menntun starfsfólks</b>	Fleiri sækja menntun lengri veg. Framboð eykst í stækkandi byggðakjörnum með tilkomu einkaskóla.	Fjölbreytt menntakerfi með sérhæfðar menntastofnanir um land allt.
<b>Fjölmennning</b>	Hægir á brottflutningi íslenskra ríkisborgara. Fjöldi erlendra sérfræðinga ráðinn til landsins.	Fjölgun innflytjenda - fjölmennning - nýir straumar. Mikil aukning nýbúa sem þurfa opinberan félagslegan stuðning.
<b>Þróun atvinnugreina</b>	Aukin fjölbreytni. Aukið einkaframtak um allt land. Sterk krafa og viðleitni um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Ferðaþjónustan byggir á sértækum dýrum lausnum. Dregur úr fjölgun ferðamanna.	Samfélög hafa sérstöðu, grunngreinar áfram til staðar, nýsköpun og aukin fjölbreytni. Handstýrð opinber búsetuþróun, bæði störf og innviðir, „Allt land í byggð“. Fjöldi ferðamanna í sögulegu hámarki.
<b>Afkoma opinberra aðila</b>	Umfang í opinberum rekstri fer minnkandi en einkarekstur vaxandi. Hlutfall skatttekna sveitarfélaga hefur hækkað verulega.	Dýr rekstur opinbers kerfis, hallarekstur ríkissjóðs og skuldasöfnun.
<b>Orkumál</b>	Smávirðjanir víða. Byggðalínan annar ekki eftirspurn. Heimildum fyrir mannvirki til orkuflutninga yfirleitt synjað vegna umhverfissjónarmiða.	Nýnæmi í orkuvinnslu og orkugjöfum. Nægt rafmagn um land allt.

# eftir sviðsmyndum

## Smiðjan

Þéttbýliskjarnar í nálægð náttúruauðlinda. Veruleg fækkun jaðarbyggða.

Góð þjónusta í stærri þéttbýliskjörnum – ný tækifæri til að þjónusta íbúa í smærri byggðum.

Miðstöð hátækniþjónustu og stjórnsýslu.

Færri sveitarfélög en árið 2016, orðin 35. Byggðakjarnar víða um land. Mörg sveitarfélög í fjárhagsvandæðum vegna offjárfestinga.

Flug skilgreint sem almenningssamgöngur á viðráðanlegu verði – góðar nettengingar. 2+2 hálandisvegir milli helstu þéttbýliskjarna. Háhraðalest milli Reykjavíkur og Keflavíkur.

Hækkandi menntastig – aukin sérhæfing. Áhersla á hugbúnað og tæknigreinar.

Fjölmenning vex með auknum hreyfanleika. Aukin eftirspurn eftir bæði menntuðu og ómenntuðu vinnuafl.

Þjónustuiðnaður eykst. Sérhæfni í gerð stríðstölvuleikja. Opinber aðkoma að búsetuþróun snýr að uppbyggingu innviða. Ferðaþjónustan öflug en skilar ekki mikilli arðsemi.

Miklar opinberar fjárfestingar með misgóða nýtingu sem leiðir af sér talsverða skuldasoðnun.

Sæstrengur til orkuflutninga til Evrópu kominn. Olíuvinnsla á Drekasvæðinu í undirbúningi.

## Síðasti bærinn í dalnum

Sambjöppun í þéttbýli. Sveitir verða strjálbýlli – búseta leggst af á sumum svæðum, bú verða stærri og færri.

Sambjöppun og skert þjónusta í dreifbýli. Tæknivædd, en ópersónuleg þjónusta.

Taka við þeim íbúum sem vilja flytja í þéttbýlið. Borgvæðing með öflugra stjórnsýslu og góða kaffihúsamenningu.

Mikil fækkun byggðakjarna og margir leggjast af. Fólksflótti til höfuðborgarsvæðisins.

Öflugar vegasamgöngur í þéttbýli. Innanlandsflug að mestu lagt af.

Lítið framboð af menntuðu starfsfólki. Minni þörf á menntuðu starfsfólki nema á afmörkuðum sviðum.

Fjölmenning eykst. Eftirspurn eftir ómenntuðu starfsfólki.

Störf á landsbyggðinni byggja á frumvinnslu og ferðaþjónustu. „Stóriðju“ uppbygging í einstaka sveitarfélögum í viðleitni til að snúa við íbúafækkun. Orðstír Íslands sem ferðaþjónustulands fer versnandi.

Opinber rekstur í járnum sökum lægri útsvarstekna, m.a. vegna launaþróunar og erlendra starfsmannaleiga.

Víða skortur á framboði á rafmagni, einkum þriggja fasa.

# Næstu skref

## Nýting sviðsmynda við gerð byggðaaætlunar

Stefnumótandi byggðaaætlun er áætlun stjórnvalda sem felur í sér aðgerðir til að ná fram tiltekinni framtíðarsýn og markmiðum er tengjast þróun byggða. Sviðsmyndir hafa hins vegar það hlutverk að opna fyrir ný sjónarmið á hefðbundna þætti og draga fram þróun til lengri tíma sem gerir það að verkum að hægt er að meta hvort hún felur í sér tækifæri eða ógn fyrir ólíka aðila og þróun samfélagsins. Ef mismunandi sviðsmyndir fela í sér svipaðar ógnanir eða tækifæri, þá eru þær afgerandi og því vert að veita þeim sérstaka athygli við gerð stefnumótandi byggðaaætlunar.

Þó svo sviðsmyndir hafi það hlutverk að laða fram ólík sjónarmið og skapandi samtal þá er meginmarkmið þeirra að meta áhættu einstakra aðgerða eða verkefna, prófa þá stefnu sem talin er ákjósanlegust eða vera innlegg við mat á nýrri stefnu sem tekur fullt tillit til einstakra sviðsmynda. Í öllum tilvikum fer fram ákveðið ferli sem leiðir af sér tryggari niðurstöður og árangur.

Dæmi um notkun sviðsmynda – Greining á möguleikum á stofnun stórfyrirtækis:

Ólíkar sviðsmyndir – búsetuþróun			
	Mynd A	Mynd B	Mynd C
<b>Framboð vinnuafis</b>	+++ Skýring...	-- Skýring...	+ Skýring...
<b>Samgöngur</b>	--- Skýring...	+ Skýring...	- Skýring...
<b>Framboð af orku</b>	- Skýring...	? Skýring...	+ Skýring...
<b>Stuðningur opinberra aðila</b>	+ Skýring...	++ Skýring...	++ Skýring...

Myndin sýnir hvernig meta má valkosti í sambandi við tiltekna ákvörðun út frá mismunandi sviðsmyndum. Aðgerð sem gengur vel upp í tiltekinni sviðsmynd fær plúsa, aðgerð sem virkar ekki, eða virkar neikvætt, fær mínusa og aðgerðir sem óvissa ríkir um fá spurningarmerki.





# Viðauki I

## Gagnasöfnun: Netkönnun og viðtöl

Gagnasöfnun í verkefninu fólst annars vegar í því að skoða fyrirbyggjandi gögn um búsetu og byggðapróun en jafnframt var gerð netkönnun og viðtöl tekin við hagaðila og sérfræðinga. Megin gagnasöfnunin var hins vegar gerð í gegnum þrjár vinnustofur sem haldnar voru á verkefnistímanum.

### Netkönnun

Eins og fyrr segir var gerð netkönnun í tengslum við efnisöflun í verkefninu meðal helstu forsvarsmanna sveitarfélaga og atvinnuþróunarfulltrúa einstakra landssvæða. Markmiðið með könnuninni var að afla efnis sem notað var á vinnustofum verkefnisins og við gerð þessarar skýrslu. Svarhlutfall könnunar var 54.61%. Af 153 aðilum tóku 83 þátt.

### Viðtöl

Alls voru tekin 14 viðtöl við sveitarstjórnarfólk, einstaklinga úr atvinnulífinu, háskólum og aðra sem hafa látið til sín taka varðandi byggðamál.

# Viðauki II

## Pátttakendur í verkefninu

Aðalsteinn Þorsteinsson	Byggðastofnun
Albertína Elíasdóttir	Akureyrarbær
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbær
Arnar Þór Sævarsson	Blönduósibær
Ásta Pálmadóttir	Sveitarfélagið Skagafjörður
Bryndís Haraldsdóttir	Mosfellsbær
Dagur B. Eggertsson	Reykjavíkurborg
Eiríkur Björn Björgvinsson	Akureyrarbær
Eirný Vals	Skaftárhreppur
Erna Bjarnadóttir	Bændasamtök Íslands
G. Valdimar Valdimarsson	Björt framtíð
Gauti Geirsson	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Gauti Jóhannesson	Djúpavogshreppur
Gunnar Bragi Sveinsson	Sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamálaráðherra
Gunnlaugur Júlíusson	Borgarbyggð
Halldór Halldórsson	Samband íslenskra sveitarfélaga
Haraldur Árnason	Samtök atvinnulífsins
Helga Guðrún Jónasdóttir	Fjarðabyggð
Herbert Snorrason	Píratar
Herdís Á. Sæmundardóttir	Byggðastofnun
Hjalti Jóhannesson	Háskólinn á Akureyri
Hólmfríður Sveinsdóttir	Byggðastofnun
Hrafnkell Proppé	Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Ívar Ingimarsson	Fljótsdalshérað
Karl Benediktsson	Háskóli Íslands
Katrín Jónsdóttir	Nýsköpunarmiðstöð Íslands – Djúpavogi
Ottó Valur Winther	Innanríkisráðuneyti
Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir	Samfylkingin



Ólöf Valdimarsdóttir

Páll Björgvin Guðmundsson

Peter Weizz

Ragnheiður Elín Árnadóttir

Regína Ástvaldsdóttir

Róbert Guðfinnsson

Sandra Brá Jóhannsdóttir

Sigfríður Inga Karlsdóttir

Signý Ormarsdóttir

Sigríður Kristjánsdóttir

Sigrún Blöndal

Sigurður Guðmundsson

Unnur Hilmarsdóttir

Vilhjálmur Egilsson

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Þóroddur Bjarnason

Reykjavík

Fjarðarbyggð

Háskólasetur Ísafirði

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Akraneskaupstaður

Fjallabyggð

Kirkjubæjarklaustur

Háskólinn á Akureyri

Austurbrú

Nýsköpunarmiðstöð Íslands – Ísafirði

Fljótshérað

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Húnaþing vestra

Háskólinn á Bifröst

Samtök atvinnulífsins

Háskólinn á Akureyri

# Viðauki III

## Stýrihópur verkefnisins

Aðalsteinn Þorsteinsson

Árni Ragnarsson

Hanna Dóra Másdóttir

Hólmfríður Sveinsdóttir

Snorri B. Sigurðsson



## Um Framtíðarsetur Íslands

Hlutverk félagsins er að vera leiðandi þjónustu- og rannsóknarsetur á sviði framtíðarfræða hérlendis í öflugum samstarfi við fyrirtæki og stofnanir hérlendis sem og erlendis. Jafnframt að vera virkur þátttakandi í rannsóknarverkefnum er varða samfélagstengda framtíðarþróun og önnur samfélagsverkefni og vinna að sjálfstæðum og framsæknum verkefnum á ýmsum sviðum framtíðarfræða.



## Um skýrsluhöfunda

### Karl Friðriksson

Karl Friðriksson er starfandi stjórnarformaður Framtíðarseturs Íslands og er jafnframt framkvæmdastjóri mannauðs- og markaðsstofu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hann er hagfræðingur að mennt frá University of London. Karl hefur víðtæka reynslu sem stjórnandi fyrirtækja og ráðgjafi, einkum á sviði framtíðarfræða, stefnumótunar, verkefnastjórnunar og markaðsmála.

### Sævar Kristinsson

Sævar Kristinsson er stjórnunar- og rekstrarráðgjafi hjá KPMG Ráðgjöf með stefnumótun og framtíðarfræði sem sérsvið. Sævar hefur í störfum sínum sem ráðgjafi unnið með mörgum helstu fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum landsins. Hann hefur jafnframt komið reglulega að kennslu á háskólastigi á sérsviðum sínum.

Unnið fyrir:



BYGGÐASTOFNUN



ATVINNUEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Útgáfan er styrkt af:



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands